



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 27. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) vísa til tölvupósta frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um annars vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál, og hins vegar tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál. Að mati samtakanna er efni fyrirbyggjandi þingmála það nátengt, og þar sem samtökin hafa á fyrri stigum málsins látið sig bæði þessi mál varða sameiginlega í umsögnum á Samráðsgátt Stjórnarráðsins, að fjallað verður hér sameiginlega í umsögn samtakanna um málin.

Eins og fram kemur í umfjöllun um frumvarpið, sbr. 709. mál, er ætlun þess að fella hugsanlega virkjunarkosti vindorku undir ferli svokallaðrar rammaáætlunar, sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Er þar kveðið á um að ætlunin sé að nýting vindorku verði óheimil á öllum friðlýstum svæðum og á svæðum sem hugmyndir hafa verið uppi um að friðlýsa. Ennfremur kveður frumvarpið á um að nýting vindorku á langstærstum hluta landsins verði háð mati verkefnisstjórnar rammaáætlunar og samþykki ráðherra. Þetta leiðir til þess að nýting vindorku yrði einungis heimiluð á agnarsmáum hluta landsins án mati verkefnisstjórnar og sérstöku samþykki umhverfis- og auðlindaráðherra. Í fyrri umsögnum samtakanna sama efnis, sbr. umsagnir sem sendar voru á Samráðsgátt Stjórnarráðsins, dags. 5. apríl 2017 og 9. febrúar 2021, leggjast samtökin eindregið gegn þessum áformum.

Að mati samtakanna eru boðaðar breytingar óþarfar vegna þess að með skipulagslögum, nr. 123/2010, og landsskipulagsáætlun ásamt aðal- og deiliskipulagsáætlunum sveitarfélaga og einnig með lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, og lögum mati á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, ásamt náttúruverndarlögum, nr. 60/2013, sé þegar tryggt fullkomlega í lögum að vindorkuver verði ekki reist nema að gættum öllum ítarlegustu umhverfissjónarmiðum. Vandséð er að boðaðar breytingar leggi þar til frekari nýmæli á því sviði eða bæti þar við frekari skilyrðum sem ekki nú er gert að uppfylla til að taka á málefnum er varða málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku.

Ítrekuð skal sú afstaða samtakanna að nauðsynlegt sé almennt að taka til heildarendurskoðunar lög verndar- og orkunýtingaráætlun með hliðsjón af því að rammaáætlun var áður sameiginlegt verkefni tveggja ráðuneyta og að umsjón laganna væri betur komið að með að vera á hendi tveggja ráðuneyta. Þannig að atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra verði jafnsettur umhverfis- og auðlindaráðherra hvað þetta varðar. Þegar rammaáætlun var sameiginlegt verkefni tveggja ráðuneyta var betur horft til allra sjónarmiða. Þannig var með lögnum umsjón með rammaáætlun flutt til umhverfis- og



auðlindaráðuneytisins, verkefnisstjórn var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra sem síðan velur í faghópa og skilgreinir verkefni þeirra og hverjir vinna nauðsynleg verkefni. Af þessu hefur leitt að ekki hefur náðst sátt um niðurstöður verkefnisstjórnarinnar eins og nauðsynlegt er og að ekki er litið jafnt til efnahagslegra og félagslegra þátta við mat virkjunarkosta heldur er megináherslan lögð á náttúruverndarsjónarmið. Því blasir við að með þessu fyrirkomulagi hefur sjálfbærri þróun samfélagsins til langs tíma verið vikið til hliðar.

Í ljósi framangreindra athugasemda er viðkemur boðuðum breytingum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun telja samtökin sömu sjónarmið eiga við um tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands. Leggjast samtökin gegn þeirri tillögu á grundvelli áðurreifaðra sjónarmiða og telja nú þegar vera til staðar lagaleg úrræði og stjórnsýslulegar kvaðir til að takast á við þau álitamál er varða staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands. Er því um að ræða að mati samtakanna íþyngjandi viðbætur við núgildandi laga- og regluverk sem eru óþörf.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka iðnaðarins

Lárus M. K. Ólafsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Árni Grétar Finnsson